

Skagafjarðarveitur ehf.

Ársreikningur 2007

Skagafjarðarveitur ehf.
Borgarteigi 15
550 Sauðárkrókur

Kt. 691097-2509

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj.	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun óháðs endurskoðenda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið var stofnað í upphafi árs 2002 þegar byggðasamlagi var breytt í einkahlutafélag í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Félagið á og rekur hitaveitu, vatnsveitu og sjóveitu í Skagafirði.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 7,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 381,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutfé félagsins var 100,0 millj. kr. í árslok og átti Sveitarfélagið Skagafjörður allt hlutféð.

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 6. maí 2008.

Í stjórn félagsins:

Einar Kristjánsson
Páll Danbjartsson
Pétur Valdimarsson

Framkvæmdastjóri:

Kári Pálsson

Áritun óháðs endurskoðenda

Stjórn og hluthafar í Skagafjarðarveitum ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Sauðárkróki, 6. maí 2008.

KPMG hf.



Rekstrarreikningur ársins 2007

	Skýr.	2007	Fjárhags- áætlun	2006
Rekstrartekjur:				
Vatnssala		173.064.850	161.549.000	156.924.728
Heimæðagjöld		4.733.945	4.770.000	6.524.598
Aðrar tekjur		16.483.730	4.315.000	7.675.816
		194.282.525	170.634.000	171.125.142
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	16	65.355.232	55.610.000	59.380.615
Annar rekstrarkostnaður		50.931.143	36.411.000	43.858.709
Afskriftir	6,17	35.878.724	33.000.000	33.378.587
		152.165.099	125.021.000	136.617.911
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		42.117.426	45.613.000	34.507.231
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		1.803.412	920.000	1.537.623
Vaxtagjöld og verðbætur		(39.105.058)	(30.720.000)	(31.870.188)
Gengismunur		2.730.050	0	(15.003.709)
		(34.571.596)	(29.800.000)	(45.336.274)
Rekstrarniðurstaða án skatta		7.545.830	15.813.000	(10.829.043)
Tekjuskattur	8,21	(31.768)		35.935.185
Hagnaður ársins.....		7.514.062	15.813.000	25.106.142

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2007	2006
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Virkjanir og veitukerfi	19	658.861.402	581.712.181
Fasteignir	18	31.585.425	33.271.014
Áhöld, tæki og bifreiðar		8.987.492	10.833.415
	6,17	<u>699.434.319</u>	<u>625.816.610</u>
Áhættufjármunir:			
Hlutabréfaeign	20	35.271.876	18.271.876
Skatteign	8,21	35.903.417	35.935.185
		<u>71.175.293</u>	<u>54.207.061</u>
		<u>770.609.612</u>	<u>680.023.671</u>
Fastafjármunir samtals			
Veltufjármunir:			
Birgðir	10	20.597.194	15.924.869
Skammtímakröfur:			
Óinnheimt vegna framkvæmda		160.806.004	22.561.072
Viðskiptakröfur	11,22	40.271.423	34.177.385
Næsta árs afborganir		0	205.000
Aðrar skammtímakröfur	11,22	29.012.162	20.876.046
Handbært fé	12	<u>1.025.249</u>	<u>7.341.625</u>
		<u>251.712.032</u>	<u>101.085.997</u>
Veltufjármunir samtals			
		<u>1.022.321.644</u>	<u>781.109.668</u>
Eignir samtals			
		<u>1.022.321.644</u>	<u>781.109.668</u>

31. desember 2007

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2007	2006
Eigið fé:			
Hlutfé		100.000.000	100.000.000
Annað eigið fé		<u>281.117.452</u>	<u>273.603.390</u>
Eigið fé samtals	23	<u>381.117.452</u>	<u>373.603.390</u>
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	24	<u>32.145.270</u>	<u>29.047.293</u>
Langtímaskuldir:			
Langtímalán	25	<u>456.770.937</u>	<u>319.188.555</u>
		<u>456.770.937</u>	<u>319.188.555</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuld við lánastofnanir		90.570.312	0
Næsta árs afborganir langtímskulda	26	30.899.832	31.081.335
Aðrar skammtímaskuldir		<u>30.817.841</u>	<u>28.189.095</u>
		<u>152.287.985</u>	<u>59.270.430</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>641.204.192</u>	<u>407.506.278</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.022.321.644</u>	<u>781.109.668</u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2007

	Skýr.	2007	Fjárhags- áætlun	2006
Rekstrarhreyfingar:				
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		7.514.062	15.813.000	25.106.142
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	17	35.878.724	33.000.000	33.378.587
Verðbætur og gengismunur af langtímalánum		12.103.099	15.661.000	27.456.492
Söluhagnaður eigna		(1.574.395)		105.000
Breyting lífeyrisskuldbindingu	24	3.097.977	0	2.613.766
Tekjuskattur	21	31.768	0	(35.935.185)
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>57.051.235</u>	<u>64.474.000</u>	<u>52.724.802</u>
 Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:				
Birgðir, lækkun (hækkun)		(4.672.325)	0	1.014.931
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		(152.475.086)	0	2.727.983
Skammtímaskuldir, lækkun (lækkun)		2.628.746	0	5.516.782
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(154.518.665)</u>	<u>0</u>	<u>9.259.696</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>(97.467.430)</u>	<u>64.474.000</u>	<u>61.984.498</u>
 Fjárfestingahreyfingar:				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	17	(113.422.038)	(139.810.000)	(77.755.398)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		5.500.000	0	1.375.000
Eignahlutir í félögum, breyting		(17.000.000)	0	(16.322.653)
Afborganir langtímakrafna		205.000	0	124.267
Fjárfestingahreyfingar		<u>(124.717.038)</u>	<u>(139.810.000)</u>	<u>(92.578.784)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar:				
Yfirtekið eigið fé Hitaveitu Hjaltadals		0	0	42.420.877
Tekin ný langtímalán		155.322.980	108.830.000	43.000.000
Afborganir langtímalána		(30.025.200)	(30.973.000)	(23.763.540)
Fyrirfram innheimt tengigjöld, lækkun		0	0	0
Afborgun lífeyrisskuldbindingar				0
Skammtímalán, breyting		90.570.312	(2.726.000)	(27.633.926)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>215.868.092</u>	<u>75.131.000</u>	<u>34.023.411</u>
 Breyting á handbæru fé		(6.316.376)	(205.000)	3.429.125
Handbært fé í ársbyrjun		7.341.625	7.342.000	3.912.500
Handbært fé í árslok		1.025.249	7.137.000	7.341.625

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

2. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

Lotun gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

4. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Varanlegir fastafjármunir

5. Varanlegir fastafjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

6. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	25 ár
Virkjanir og veitukerfi.....	25 ár
Áhöld, tæki og bifreiðar.....	5 - 7 ár

Eignarhlutir í félögum

7. Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, framreiknuðu til ársloka 2001.

Skýringar, frh.:

Tekjuskattsinneign

8. Tekjuskattur Skagafjarðarveitna ehf. af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstæði og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstæði.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

Langtímakröfur

9. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

Birgðir

10. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði. Þar sem við á er tekið tillit til gallaðra og úreltra vara.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

11. Viðskiptakröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

12. Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Lífeyrisskuldbinding

13. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Skagafjarðarveitna ehf. er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2007. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 24.

Langtímaskuldir

14. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Fjárhagsáætlun

15. Fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2007 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi.

Skýringar, frh.:

Starfsmannamál

16. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2007	Fjárhagsáætlun
Laun	51.284.443	45.365.000
Launatengd gjöld	8.268.666	7.815.000
Annar starfsmannakostnaður	2.576.669	2.430.000
Áunnið orlof, breyting	127.477	0
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	3.097.977	0
	<u>65.355.232</u>	<u>55.610.000</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	11	11

Varanlegir rekstrarfjármunir

17. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Virkjanir og veitukerfi	Fasteignir	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2007	1.308.428.512	42.139.740	19.888.588	1.370.456.840
Afskriftir samtals 1.1.2007	(726.716.331)	(8.868.726)	(9.055.173)	(744.640.230)
Bókfært verð 1.1.2007	581.712.181	33.271.014	10.833.415	625.816.610
Viðbót á árinu	113.422.038			113.422.038
Selt á árinu	(3.925.605)			(3.925.605)
Afskrift ársins	(32.347.212)	(1.685.589)	(1.845.923)	(35.878.724)
Bókfært verð 31.12.2007	<u>658.861.402</u>	<u>31.585.425</u>	<u>8.987.492</u>	<u>699.434.319</u>
Samtals heildarverð 31.12.2007.....	1.417.924.945	42.139.740	19.888.588	1.479.953.273
Afskrifað samtals.....	(759.063.543)	(10.554.315)	(10.901.096)	(780.518.954)
Bókfært verð 31.12.2007.....	<u>658.861.402</u>	<u>31.585.425</u>	<u>8.987.492</u>	<u>699.434.319</u>
Afskriftahlutföll	4%	4%	15-20%	

Fasteignamat og váttryggingaverð

18. Bókfært verð fasteigna félagsins nam 31,6 millj. kr. í árslok 2007 en fasteignamat á sama tíma nam 45,6 millj. kr. Brunabótamat fasteigna nam 124,5 millj. kr. í árslok og váttryggingaverð lausafjármuna nam 82,1 millj. kr.

Viðlagatrygging

19. Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerðar um viðlagatryggingu eru veitumannvirki tryggð vegna náttúruhamfara. Tryggingaverðmæti vegna hitaveitu nemur 425,3 millj. kr. og vegna vatnsveitu 423,8 millj.kr.

Skýringar, frh.:

Eignarhlutir í félögum

20. Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Bókfært verð
Gagnaveita Skagafjarðar ehf.....	35.078.446
Netorka hf.....	843.430
Niðurfærsla hlutafjäreignar.....	(650.000)
	<u>35.271.876</u>

Tekjuskattsinneign

21. Tekjuskattsinneign hitaveitu greinist þannig:

Tekjuskattsinneign í ársbyrjun	35.935.185
Reiknaður tekjuskattur	<u>253.849</u>
Reiknuð tekjuskattsinneign í árslok	36.189.034
Niðurfærsla vegna óvissu um nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps	(285.617)
Tekjuskattsinneign í árslok færð til eignar	<u>35.903.417</u>

Tekjuskattsinneign hitaveitunnar skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	<u>35.903.417</u>
	<u>35.903.417</u>

Skammtímakröfur og verðbréf

22. Niðurfærsla skammtímakrafna og verðbréfa greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	7.000.000
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(3.470.745)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu.....	<u>2.470.745</u>
Niðurfærsla í árslok.....	<u>6.000.000</u>

Eigið fé

23. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Annað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári	100.000.000	273.603.390	373.603.390
Hagnaður ársins		<u>7.514.062</u>	<u>7.514.062</u>
Eigið fé 31.12.2007	<u>100.000.000</u>	<u>281.117.452</u>	<u>381.117.452</u>

Skýringar, frh.:

Lífeyrisskuldbinding

24. Á félaginu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna veitunnar. Reiknuð hækkun á lífeyrisréttindum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Lífeyrisskuldbindingin var í árslok 2007 reiknuð á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar. Engar greiðslur voru vegna lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu. Áfallin lífeyrisskuldbinding í árslok 2007 greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding 1.1.2007.....	29.047.293
Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu.....	3.097.977
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2007.....	<u>32.145.270</u>

Langtímaskuldir

25. Breyting langtímaskulda á árinu greinist þannig:

	Gengistryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals
Staða lána í ársbyrjun	90.930.359	259.339.531	350.269.890
Ný lán	115.322.980	40.000.000	155.322.980
Afborganir af lánum	(8.145.338)	(21.879.862)	(30.025.200)
Gengismunur/verðbætur	(2.730.050)	14.833.149	12.103.099
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	195.377.951	292.292.818	487.670.769
Næsta árs afborganir	(8.315.351)	(22.584.481)	(30.899.832)
	<u>187.062.600</u>	<u>269.708.337</u>	<u>456.770.937</u>

26. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

	Gengistryggð lán	Verðtryggð lán	Samtals
Árið 2008	8.315.351	22.584.481	30.899.832
Árið 2009	8.315.351	22.584.481	30.899.832
Árið 2010	58.274.053	20.736.629	79.010.682
Árið 2011	687.397	20.736.629	21.424.026
Árið 2012	10.581.093	20.736.629	31.317.722
Síðar	109.204.706	184.913.969	294.118.675
Langtímaskuldir samtals	<u>195.377.951</u>	<u>292.292.818</u>	<u>487.670.769</u>

27. Gengistryggð lán greinast þannig á gjaldmiðla:

Skuldir í USD	62.952.721
Skuldir í CHF	19.126.137
Skuldir í JPY	10.701.389
Skuldir í EUR	89.870.506
Skuldir í GBP	8.504.622
Kaupleigusamningur, CHF, EUR, JPY, USD	4.222.576
Langtímaskuldir samtals	<u>195.377.951</u>